LJÓSIÐ

Ársskýrsla 2024

Ljósið
– til staðar í 20 ár

BRYNJÓLFUR EYJÓLFSSON
FORMAÐUR STJÓRNAR LJÓSSINS

Kæru vinir og velunnarar
Ljósið er 20 ára! Já, það er aðdáunarvert að líta yfir söguna og sjá að litla Ljósið, sem Erna Magnúsdóttir framkvæmdastýra Ljóssins stofnaði í sjálfboðavinnu, verður nú, árið 2025, 20 ára. Ljósið hefur vaxið og dafnað og margsinnis sýnt fram á mikilvægi sitt sem endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Á árinu 2024 nutu nær 1.700 manns þjónustu Ljóssins og Ljósið er fyrir löngu orðinn öflugur og traustur vinnustaður.

SÉRSTAÐA LJÓSSINS Í ÍSLENSKU HEILBRIGÐISKERFI

Ljósið er samkvæmt lögum viðurkennd heilbrigðisstofnun og heyrir undir eftirlit embættis landlæknis. Ljósið er eina sérhæfða endurhæfingamiðstöðin fyrir krabbameinsgreinda á Íslandi og gegnir lykilhlutverki í bataferli þeirra sem greinst hafa með krabbamein. Ljósið stuðlar að bættri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu skjólstæðinga sinna og aðstoðar þá við að komast í sem allra mesta virkni í samfélaginu að meðferð lokinni.

Ljósið er eina sérhæfða endurhæfingamiðstöðin fyrir krabbameinsgreinda á Íslandi og gegnir lykilhlutverki í bataferli þeirra sem greinst hafa með krabbamein.

Það að greinast með krabbamein er mikið högg fyrir þá sem í því lenda. Krabbamein er lífsógnandi sjúkdómur sem hefur ekki bara áhrif á þann sem veikist, heldur einnig þá sem næst standa. Krabbamein eru í raun samheiti yfir marga sjúkdóma, meðferðir eru fjölbreyttar og aðstæður fólks ólíkar. Í Ljósinu fær þessi fjölbreytti hópur þjónustu heilbrigðismenntaðra sérfræðinga og leitast er við að veita hverjum og einum sérsniðna þjónustu. Verkefni starfsfólks Ljóssins geta vissulega verið flókið en árangurinn af starfinu er virkilega góður.

Árið 2024 útskrifuðust um 750 manns úr þjónustu Ljóssins – flestir ýmist aftur til vinnu, náms eða í önnur hlutverk sem nýtast samfélaginu. Með markvissri og einstaklingsmiðaðri endurhæfingu dregur Ljósið þannig úr álagi á velferðarkerfið og skilar samfélaginu dýrmætum mannauði. Nýleg hagkvæmisúttekt sem Ljósið lét framkvæma á starfsemi sinni sýnir að starfsemi Ljóssins skilar um eins milljarðs króna árlegum ávinning fyrir hið opinbera - eða sem nemur um þrefalt hærri fjárhæð en Ljósið fékk frá ríkinu árið 2024. Þrátt fyrir þetta hefur reynst þrautin þyngri að tryggja Ljósinu langtímasamning við hið opinbera, í gegnum Sjúkratryggingar Íslands.

ÓÖRUGG FJÁRMÖGNUN HAMLAR ÞRÓUN

Eitt af megináhersluverkefnum stjórnar Ljóssins á síðustu misserum hefur verið að tryggja rekstrargrundvöll starfseminnar til lengri tíma. Sérstök áhersla hefur verið lögð á tvö atriði: fjármögnun og framtíðarhúsnæði. Samningur Ljóssins við Sjúkratryggingar Íslands rann út í lok árs 2023. Frá þeim tíma hefur fjármögnun frá hinu opinbera verið veitt í gegnum tímabundna samninga. Þetta fyrirkomulag hefur nú staðið í rúmt ár og skapað verulega óvissu um reksturinn og framtíðina. Í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem Ljósið gegnir fyrir fólk sem greinist með krabbamein og aðstandendur þeirra, er ljóst að slíkt óvissuástand er hvorki æskilegt né sjálfbært til lengri tíma.

Stjórnin hefur átt í reglulegu samtali við hagaðila og fundið fyrir skýrum vilja og stuðningi víða, meðal annars á Alþingi og innan stjórnkerfisins. Vonir standa til þess að þessi vilji skili sér í varanlegri lausn á næstu misserum, þannig að Ljósið geti áfram boðið upp á öfluga og persónubundna þjónustu án þess að þurfa að glíma við óvissu um fjármögnun.

Trygg fjármögnun Ljóssins og lausnir vegna framtíðarhúsnæðis hafa verið áhersluefni stjórnar árið 2024

Annað stórt verkefni á borði stjórnar hefur verið að skoða möguleika til framtíðar með tilliti til húsnæðis Ljóssins. Starfsemin hefur vaxið og þróast á undanförnum árum og því er mikilvægt að húsnæðið styðji við bæði núverandi starfsemi og mögulegan vöxt.
Stjórnin hefur lagt áherslu á að meta þarfir starfseminnar heildstætt og leita að lausnum sem eru bæði raunhæfar og hagkvæmar. Markmiðið er að tryggja að aðstaðan sé örugg, aðgengileg og styðji við þau faglegu gildi sem starfsemi Ljóssins byggir á.

ÞAKKIR TIL STUÐNINGSAÐILA & SAMFÉLAGSINS

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka öllum þeim sem komu að starfi Ljóssins á árinu 2024 – þjónustuþegum, starfsfólki, sjálfboðaliðum og stuðningsaðilum. Án ykkar væri starfsemin einfaldlega ekki möguleg. Við hlökkum til að takast á við misserin framundan – við öll saman hlið við hlið. Við erum afar þakklát fyrir þann mikla stuðning sem Ljósið hefur notið í gegnum fjölbreytt fjáröflunarverkefni, þar sem verkefni á borð við Ljósavini, Reykjavíkurmaraþonið og önnur frábær verkefni sem hafa skipt sköpum.

Að lokum sendi ég starfsfólki Ljóssins bestu þakkir fyrir framúrskarandi starf. Enn og aftur sýna niðurstöður þjónustukönnunar Ljóssins að árangurinn af ykkar starfi er til fyrirmyndar, en 93% skjólstæðinga segjast fá góða þjónustu og 92% segja að þjónustan hafi haft jákvæð áhrif á sín lífsgæði.

Til hamingju öll með 20 ára afmæli Ljóssins!

Með hlýjum kveðjum,
Brynjólfur Eyjólfsson
Formaður stjórnar Ljóssins

STJÓRN LJÓSSINS

Sjálfseignastofnunin Ljósið var stofnuð 20. janúar 2006. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins hefur aðalfundur Ljóssins. Á aðalfundi er stjórn kjörin og skal hún skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Á hverju ári skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára í senn, en varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi til eins árs. Stjórnin fer með öll málefni Ljóssins milli aðalfunda.

Fastráðnir starfsmenn félagsins geta ekki setið í stjórn. Stjórn Ljóssins hefur alla tíð verið ólaunuð og er starfsemin óhagnaðardrifin.

Á aðalfundi Ljóssins 7. maí 2024 voru eftirfarandi kjörin í stjórn Ljóssins.

Aðalstjórn
Formaður: Brynjólfur Eyjólfsson, viðskiptafræðingur
Gjaldkeri: Brynjólfur Stefánsson, viðskiptafræðingur
Ritari: Haukur Guðmundsson, sjúkraþjálfari
Meðstjórnandi: Ásta Einarsdóttir, lögfræðingur
Meðstjórnandi: Sara Lind Guðvarðardóttir, lögfræðingur

Varastjórn
Haukur Guðmundsson, sjúkraþjálfari
Svanhildur Sigurðardóttir, stjórnmálafræðingur

Alls voru haldnir átta stjórnarfundir á árinu 2024, auk aðalfundar. Stjórnin skipaði framkvæmdaráð, sem fjallaði um ýmis mál sem komu upp milli stjórnarfunda. Framkvæmdastýra Ljóssins annast daglegan rekstur og framfylgir ákvörðunum aðalfundar og stjórnar félagsins.

UM LJÓSIÐ

Ljósið er þverfagleg endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra. Saga Ljóssins hófst þann 5. september 2005 þegar Erna Magnúsdóttir opnaði fyrstu dyrnar að starfseminni í safnaðarheimili Neskirkju – með það að markmiði að veita einstaklingum styrk, stuðning og von í bataferli sínu.

Frá þeim tíma hefur starfsemin vaxið og dafnað, og frá árinu 2007 hefur Ljósið verið til húsa við Langholtsveg í Reykjavík. Þar sækja nú yfir 600 manns í hverjum mánuði markvissa endurhæfingu í hlýlegu og styrkjandi umhverfi.

STEFNA LJÓSSINS

Frá því að Ljósið hóf starfsemi sína hefur verið lögð rík áhersla á skýra og markvissa stefnumótun til að tryggja faglega og árangursríka þjónustu. Gildi Ljóssins eru hornsteinn starfseminnar og leiðarljós í daglegu starfi, sannarlega traustur grunnur fyrir áframhaldandi þróun og vöxt Ljóssins.

Hlutverk

Ljósið er endurhæfingarmiðstöð sem er til svo að það sé til staðar einstaklingsmiðuð endurhæfing fyrir krabbameinsgreinda og stuðningur fyrir aðstandendur þeirra.

Framtíðarsýn

Að allir sem greinast með krabbamein fái viðeigandi faglega endurhæfingu sem hefst strax við greiningu. Ljósið er leiðandi og framsækið afl á þessu sviði og í fremstu röð varðandi þekkingu og þjónustu við krabbameinsgreinda.

Gildi

Gildi Ljóssins eru *Gróska*, *Gleði*, *Heilindi* og *Fagmennska*.

Gróska

Við viljum vaxa í starfi, erum sveigjanleg og tilbúin að gera breytingar. Við tökum vel í nýjungar og viljum blómstra í þeirri fjölbreyttu þjónustu sem veitt er.

Gleði

Gleðin vekur lífskraft og von. Handverk, sköpun og almenn virkni veita gleði og jákvæðni sem við höfum að leiðarljósi í okkar starfi. Gleðin í Ljósinu er smitandi, fólk gleymir sér og finnur aukinn þrótt í gleðinni.

Heilindi

Við erum vingjarnleg í fasi, sýnum samstöðu, traust, trúnað, virðingu og kærleik. Við erum heiðarleg, höfum opin samskipti, ræðum málin og leitum lausna. Við sinnum störfum okkar af alúð og trúmennsku og vinnum öll að sameiginlegu markmiði. Við samgleðjumst hvert öðru.

Fagmennska

Við leggjum mikið upp úr þverfaglegri samvinnu, fylgjumst vel með nýjungum og leitumst við að vera fremst í flokki hvað starfsemina varðar. Við vöndum málfar, vinnubrögð og virðum þagnarheit.

Endurhæfingin

Markmið Ljóssins er að fólk fái sérhæfða endurhæfingu og stuðning, þar sem fagfólk aðstoðar við að byggja upp líkamlegt og andlegt þrek. Auk þess að fá stuðning við að setja sér markmið sem auka daglega virkni og hafa þannig áhrif á lífsgæði almennt. Endurhæfingin í Ljósinu á sér upphaf og endi og skiptist niður í þrjú stig. Ef þörf er á frekari endurhæfingu (Stig 4) er það metið af sérfræðingum Ljóssins.

SÉRSNIÐIN ENDURHÆFING Í LJÓSINU

Heildrænt mat á færni og virkni lykill að árangursríkri endurhæfingu

Fagfólk Ljóssins styðst við margvísleg tól í endurhæfingarstarfinu en Ljósið var fyrst íslenskra stofnana til að innleiða alþjóðlega matstækið WHODAS (World Health Organization Disability Assessment Schedule) á rafræna vegu. Með WHODAS má meta færni og virkni einstaklinga sem hafa greinst með krabbamein og fá heildræna mynd af áhrifum sjúkdómsins á daglegt líf, bæði líkamlega, andlega og félagslega. Matstækið styður við einstaklingsmiðaða endurhæfingu með því að greina styrkleika og áskoranir hvers og eins, sem gerir starfsfólki kleift að veita markvissari og árangursríkari þjónustu.

STARFSEMI LJÓSSINS

Í lok árs 2024 störfuðu 36 manns hjá Ljósinu í 30 stöðugildum. Þeir fagaðilar sem starfa hjá Ljósinu í föstum stöðugildum eru:

- Iðjuþjálfar
- Sjúkraþjálfarar
- Íþróttafræðingar
- Sálfræðingar
- Fjölskyldumeðferðarfræðingur
- Heilsunuddarar
- Snyrtifræðingur
- Jógakennarar
- Matráður
- Móttökufólk
- Handverksfólk

Auk þess koma að starfinu fjölmargir verktakar eins og markþjálfar, næringarráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, og fleiri. Þá koma að starfinu bæði fyrirlesarar eins og krabbameinssérfræðingar og fleiri. Að ógleymdum öllum þeim sjálfboðaliðum sem starfa fyrir Ljósið.

FJÖLDI STARFSFÓLKS **36**

FJÖLDI STÖÐUGILDA **30**

Skjólstæðingar Ljóssins eru ánægðir með þjónustuna

Í þjónustukönnun Ljóssins, sem framkvæmd var haustið 2024, kemur fram að ánægja þeirra sem eru í þjónustu hjá Ljósinu er mjög mikil. Könnunin var lögð fyrir alla þá sem voru í þjónustu frá ársbyrjun 2022. Alls sögðust 93% vera mjög eða frekar ánægð með þjónustuna og 92% sagði að þjónusta Ljóssins hefði haft jákvæð áhrif á sín lífsgæði.

86% sögðust ánægð með þjónustu við aðstandendur. Skjólstæðingar sögðust mæla með þjónustu Ljóssins og var meðmælavísitala (svokallað NPS gildi) 87.1

ÁNÆGÐ EÐA FREKAR ÁNÆGÐ **93%**

SEGJA ÞJÓNUSTU HAFA JÁKVÆÐ ÁHRIF Á LÍFSGÆÐI **92%**

MEÐMÆLA-VÍSITALA **87,1**

LJÓSIÐ ER GÓÐUR VINNUSTAÐUR

Ljósið tók þátt í verkefninu Fyrirtæki ársins sem VR stendur fyrir. Könnunin nær til alls starfsfólks óháð stéttarfélagi. Könnunin sem hér er vísað til var framkvæmd árið 2024. Starfsfólk er spurt um viðhorf til níu lykilþátta í innra starfsumhverfi vinnustaðarins. Heildareinkunn Ljóssins er 4,3 af 5 mögulegum. Helstu styrkleikar samkvæmt mælingunni eru jákvætt viðhorf þjónustuþega, að umræða um félagið er vinsamleg, meðmæli með vinnustaðnum og stolt af því að starfa hjá félaginu.

HEILDAREINKUNN LJÓSSINS Í FYRIRTÆKI ÁRSINS **4,3**

STOLT STARFSFÓLKS AF VINNUSTAÐNUM **4,93**

LJÓSIÐ ER ÞEKKT Í SAMFÉLAGINU

Samkvæmt vörumerkjakönnun Gallup árið 2024 sögðust 89% aðspurðra þekkja Ljósið, sem er svipað hátt hlutfall og undanfarin ár. Hlutfallið er 8 prósentustigum hærra en árið 2018 þegar mælingar hófust. Um 48% sögðust þekkja vörumerkið mjög eða frekar vel sem er á pari við mælingar fyrir árið 2021. Þegar spurt var um viðhorf til Ljóssins kom fram að 73% voru mjög eða frekar jákvæðir í garð Ljóssins og 24% hlutlausir.

HLUTFALL ÍSLENDINGA SEM ÞEKKJA LJÓSIÐ **89%**

ERU MJÖG EÐA FREKAR JÁKVÆÐ Í GARÐ LJÓSSINS **73%**

TÍMALÍNA 2024

Árið 2024 var afkastamikið í Ljósinu og gleðin, samstaðan og fagmennska áfram í fyrirrúmi. Lögð var sérstök áhersla á að efla stuðningsmiðstöð Ljóssins, áframhaldandi samningagerð við ríkið og undirbúning nýs húsnæðis. Fjölbreytt námskeið, viðburðir og fræðsla voru í boði að vanda, með það að markmiði að styrkja bæði líkamlegt og andlegt þrek þjónustuþega. Einnig var unnið að því að auka vitund almennings um starfsemi Ljóssins með árangursríkum kynningarherferðum og samstarfi við fyrirtæki og félagasamtök. Fjáröflunarviðburðir, sem voru bæði skemmtilegir og áhrifaríkir, tryggðu áframhaldandi rekstur miðstöðvarinnar og gerðu okkur kleift að halda áfram að veita þá mikilvægu þjónustu sem Ljósið stendur fyrir.

JANÚAR

Árið 2024 hófst vel í Ljósinu þrátt fyrir vetrarstorma en þá þýðir auðvitað ekkert annað en að stökkva út að moka. Meðal þess sem við tókum okkur fyrir hendur umfram endurhæfinguna var að gera starfinu skil gagnvart þjóðinni og stukku Erna framkvæmdastýra og Áslaug yfirsjúkraþjálfari meðal annars í viðtal.

FEBRÚAR

Í febrúar færði Samfrímúrarastúkan Baldur Ljósinu rausnarlegan styrk og sýndi með því hlýjan stuðning við mikilvæga starfsemi miðstöðvarinnar.

Í Ljósinu reynum við að fagna hversdeginum og njóta litlu augnablikanna – og hvað er þá betra en að fá sér eina gómsæta kökusneið í góðum félagsskap?

MARS

Góðgerðarnefnd MR safnaði rúmlega hálfri milljón fyrir Ljósið í ársbyrjun og kom færandi hendi í mars. BPW konur gerðu slíkt hið sama og færðu Ljósinu veglegan styrk. Endurhæfingarferlið hélt áfram af fullum krafti og var unnið markvisst að því að styðja einstaklinginn í að ná betri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu.

APRÍL

Prjónahópur úr Ljósinu afhenti í maí Vökudeild heklaða kolkrabba fyrir fyrirbura. Sumarverkefnin fóru að taka á sig mynd þegar Unnur Stella, listakona, kom færandi hendi með málverk sem notað var í samstarfsverkefni Ljóssins og Nettó.

MAÍ

Vorið í Ljósinu var létt og fallegt. Við litum við í Íslandsbanka og kynntum mikilvægi maraþonsins fyrir starfsemi Ljóssins og hlustuðum á Fríðu Bjarnadóttur sem hljóp fyrst íslenskra kvenna heilt maraþon hérlendis. Listaverkin fæddust í leirnum og góðir gestir færðu Ljósinu rausnarlega styrki.

JÚNÍ

Fjölskylduganga Ljóssins fór fram við Hvaleyrarvatn í hressandi úrkomu en okkar fólk lét það ekki stoppa sig. Sveinn Jónsson færði Ljósinu veglegan styrk sem hann safnaði frá bæði einstaklingum og fyrirtækjum sem hétu á hann er hann gekk yfir 400 kílómetra af Jakobsveginum.

JÚLÍ

Júlí var mánuður Ljóssins í Nettó í annað sinn. Þetta árið voru framleiddir fallegir sundpokar og ferðaspil, sem prýddu málverk eftir listakonuna Unni Stellu og seldir voru í verslunum Nettó. Allur ágóði sölunnar rann óskiptur í Ljósið. Endurhæfingin hélt áfram með rólegum takti yfir sumarmánuðina.

ÁGÚST

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fór fram og það má sannarlega segja að það hafi verið kátt á hjalla, bæði hjá hlaupurum ásamt stuðningsliði Ljóssins. Að þessu sinni hvöttum við hlaupara til að fylkja liði og fagna með okkur að maraþoni loknu við Hafnartorg þar sem Ljósið fékk lánað fallegt húsnæði hjá Heimum.

SEPTEMBER

Haustið hófst með fjölbreyttri dagskrá í endurhæfingunni, sniðinni að þörfum þeirra sem sækja þjónustu Ljóssins. Til að auka vitund og tryggja rekstur hrintum við af stað vitundarvakningu og fjáröflun á Sjálandi, sem var frábært tækifæri til að kynna starfsemina og hvetja til stuðnings.

OKTÓBER

Uppskeruhátíð Reykjavíkurmaraþons Íslandsbanka var haldin hátíðleg en því til viðbótar litu Ljóskurnar við hjá okkur og afhentu formlega þeirra söfnun í Reykjavíkurmaraþoninu. Undir lok mánaðarins vörpuðum við sérstöku ljósi á iðjuþjálfun sem fagstétt og hvernig þetta mikilvæga fag er notað til að bæta líf krabbameinsgreindra.

NÓVEMBER

Ljósablaðið árlega leit dagsins ljós í nóvember en þar var að finna mikinn fjölda af viðtölum í stafrænu formi. Árlegur Ljósafoss var genginn með glæsibrag niður Esjuhlíðar og veglegir styrkir afhentir.

DESEMBER

Aðventan í Ljósinu er alltaf sérstök og fyllir hjörtu okkar hlýju og gleði. Húsakynnin eru skreytt af vinum okkar hjá Íslandsbanka, góðir vinir líta við með styrki og við bjóðum upp á jólalega dagskrá en þetta árið leit Páll Óskar við og söng jólin í hjörtu þjónustuþega.

STARFSEMISTÖLUR 2024

FJÖLDI ÞJÓNUSTUÞEGA **1.675**

KOMUR Í ENDURHÆFINGU **32.215**

NÝJIR ÞJÓNUSTUÞEGAR **502**

ÚTSKRIFAÐIR ÞJÓNUSTUÞEGAR **758**

KOMUR EFTIR MÁNUÐUM

Þjónustuþegar - Kynjaskipting

Komur í hús - Kynjaskipting

Þróun kynjaskiptingar frá 2018

Fjöldi þjónustuþega - Aldursskipting

Komur í hús - Þjónustuþættir

FJÖLDI EINSTAKLINGA Í ÞJÓNUSTU FRÁ ÁRINU 2010

KOMUR Í ENDURHÆFINGU FRÁ ÁRINU 2010

Nýtt

ÚTSKRIFAÐIR ÞJÓNUSTUÞEGAR

Á undanförnum árum hefur fjöldi útskrifaðra úr þjónustu Ljóssins aukist verulega. Árið 2024 var metfjöldi útskrifta en alls útskrifuðust 758 einstaklingar úr endurhæfingunni. Flestir þeirra snéru aftur til vinnu, náms eða annarra samfélagslegra hlutverka. Með markvissri og einstaklingsmiðaðri endurhæfingu dregur Ljósið þannig úr álagi á velferðarkerfið og skilar samfélaginu dýrmætum mannauði.

ÁRSREIKNINGUR

Ljósið.
Ársreikningur
2024

Ljósið.
Langholtsvegi 43
104 Reykjavík
kt. 590406-0740

Ljósið.
Ársreikningur
2024

Efnisyfirlit

Áritun um fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Ljóssins

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2024 fyrir Ljósið. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogi, 15.maí 2025

Deloitte ehf.

Jónas Gestur Jónasson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Ljósið. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Styrktarfélagið Ljósið var stofnað í árslok 2005 og hóf starfsemi á árinu 2006. Stofnendur félagsins voru 49 og er skráð stofnfé félagsins 773.714. Tilgangur félagsins samkvæmt skipulagsskrá er að stofna og styrkja Ljósið, endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Um starfsemi á árinu:

Tekjur umfram gjöld á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	3.658.342
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	314.050.627
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	182.011.419
Eiginfjárhlutfall félagins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	58,0%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	30

Stjórn Ljóssins vill upplýsa það að raunkostnaður húsnæðis kemur hvergi fram í ársreikningi. Sundurliðun á húsnæðiskostnaði í ársreikningi ber einungis með sér beinan útlagðan kostnað félagsins við rekstur húsnæðisins.
Félagið eignaðist húsnæði sitt að Langholtsvegi 49, Reykjavík, með fjársöfnun, auk frjálsra framlaga einstaklinga og fyrirtækja í peningum, efni og vinnuframlagi og á húsnæðið því skuldlaust í dag.
Til þess að eiga möguleika á að mæta endurnýjunarþörf félagsins og stækkunarþörf húsnæðisins og til að standa jafnfætis við önnur félög í svipaðri starfsemi, þegar kemur að stuðningi hins opinbera , telur stjórn félagsins nauðsynlegt að fram komi upplýsingar í ársreikningi um hver væri sanngjörn leiga fyrir sambærilegt húsnæði, í stað útlagðs kostnaðar.
Mörg eða flest félög í sambærilegri starfsemi eru í leiguhúsnæði og fá framlög í samræmi við það, en framlög og stuðningur hins opinbera við Ljósið nær einungis til kostnaðar vegna þjónustunnar sem félagið innir af hendi.
Ljósið stendur frammi fyrir því að stöðugt vaxandi starfsemi útheimtir stærra húsnæði og því þarf að gera raunhæfar framlegðarkröfur í núverandi húsnæði til að standa undir framtíðarfjárfestingu félagsins í húsnæði.
Svo sem ársreikningar undanfarinna ára bera með sér hefur afkoma félagsins verið í járnum og því aldrei neitt aflögu til að leggja í húsnæðissjóð. Nú er hins vegar svo komið að félaginu er nauðsynlegt að stækka húsnæðið eða kaupa annað stærra til að mæta aukinni ásókn í þjónustu félagsins. Telur stjórn Ljóssins að eðlilegt mat á lágmarksleigu fyrir núverandi húsnæði sé um 52 mkr. á ársgrundvelli, en húsnæðið er um 880 fermetrar. Til frádráttar kæmu þeir kostnaðarliðir í ársreikningi sem tilheyra leigusala, svo sem fasteignagjöld, vátryggingariðgjöld, viðhald húsnæðis og afskriftir. Væri tekið tillit til þessa í niðurstöðu ársreiknings væri rekstrarniðurstaðan neikvæð um 33 mkr.

Að áliti stjórnar Ljóssins koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Ljóssins staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15.maí 2025.

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur		588.007.303	424.986.236
Kostnaður vegna fjáraflana		(4.970)	(28.113)
Framlag í húsnæðissjóð		(65.000.000)	0
Vörukaup og aðkeypt þjónusta		(54.415.278)	(52.191.141)
Rekstur fasteigna		(2.401.974)	12.355.210
Laun og launatengd gjöld	5	(405.548.259)	(339.950.943)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(38.270.259)	(21.647.503)
Annar rekstrarkostnaður		(20.366.348)	(15.407.527)
Afskriftir fastafjármuna	7	(3.396.540)	(3.225.540)
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(1.396.325)	4.890.679
Fjármunatekjur		5.101.339	4.096.783
Fjármagnsgjöld		(46.672)	(40.097)
	6	5.054.667	4.056.686
Hagnaður ársins		3.658.342	8.947.365

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	110.764.464	108.461.004
		110.764.464	108.461.004
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		83.314.000	6.199.497
Aðrar skammtímakröfur		1.062.367	1.227.128
Handbært fé		118.909.796	110.304.613
		203.286.163	117.731.238
Eignir		314.050.627	226.192.242
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Stofnfé		773.714	773.714
Óráðstafað eigið fé		181.237.705	177.579.363
Eigið fé		182.011.419	178.353.077
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		24.013.525	19.886.517
Aðrar skammtímaskuldir		108.025.683	27.952.648
		132.039.208	47.839.165
Skuldir		132.039.208	47.839.165
Eigið fé og skuldir		314.050.627	226.192.242

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður		(1.396.325)	4.890.679
Afskriftir		3.396.540	3.225.540
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		2.000.215	8.116.219
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(76.949.742)	9.014.432
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		84.200.043	(3.645.800)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		9.250.516	13.484.851
Innborgaðir vextir		5.101.339	4.096.783
Greiddir vextir		(46.672)	(40.097)
Handbært fé frá rekstri		14.305.183	17.541.537
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(5.700.000)	0
		(5.700.000)	0
Hækkun handbærs fjár		8.605.183	17.541.537
Handbært fé í upphafi árs		110.304.613	92.763.076
Handbært fé í lok árs		118.909.796	110.304.613

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ljósið er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga nr. 19/1998 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmd staðfestri skipulagsskrá.

Styrktarfélagið Ljósið var stofnað í árslok 2005 og hófst starfsemi félagsins á árinu 2006. Stofnendur félagsins voru 49 og er skráð stofnfé kr. 773.714. Tilgangur félagsins samkvæmt skipulagsskrá er að stofna og styrkja Ljósið, endurhæfingamiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Ljósið. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Langholtsvegi 43, 104 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

4. Rekstur húsnæðis

Rekstur húsnæðis greinist þannig:	2024	2023
Húsnæðisstyrkir	(23.219.505)	(27.633.063)
Aðrir styrkir	(74.346.620)	(42.845.904)
Viðhald húsnæðis	15.334.390	2.673.861
Annar rekstrarkostnaður húsnæðis	9.510.033	11.424.284
	(72.721.702)	(56.380.822)

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun og annar starfsmannakostnaður	405.548.259	339.950.943
Meðalfjöldi stöðugilda	30,04	24,59

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af bankareikningum	5.101.339	4.096.783
	5.101.339	4.096.783

Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Önnur vaxtagjöld	(46.672)	(40.097)
	(46.672)	(40.097)

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	140.952.584	140.952.584
Eignfært á árinu	5.700.000	5.700.000
Staða í árslok	146.652.584	146.652.584
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	32.491.580	32.491.580
Afskrift ársins	3.396.540	3.396.540
Staða í árslok	35.888.120	35.888.120
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	108.461.004	108.461.004
Bókfært verð í árslok	110.764.464	110.764.464
Afskriftarhlutföll	3%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir	213.350.000	302.031.269

8. Eigið fé

Stofnfé greinist þannig:

	Fjárhæð
Stofnfé í árslok	773.714
	773.714

Eigið fé greinist þannig:	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024	773.714	177.579.363	178.353.077
Tekjur umfram gjöld		3.658.342	3.658.342
Eigið fé 31.12.2024	773.714	181.237.705	182.011.419

Skýringar

9. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Styrkir eru færðir til tekna við greiðslu en tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður í rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.